

# FUNDARGERÐ

## 156. stjórnarfundur KRAFT

156. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 9. október 2023, kl. 20.45 í Miðgarði, Garðabæ.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn, Auðunn, Lára og Laufey  
Á netinu : Aron Ingi  
Fjarverandi: Kristleifur og María  
Áheyrnafulltrúar: Ellert Björn Ómarsson og Guðlaug Olsen frá Massa  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

### 2. HM Í BÚNAÐI

Næsta alþjóðamót er HM í búnaði sem verður haldið í Litháen, 13.-19. nóvember.  
Prír keppendur frá Íslandi : Alex, Guðfinnur Snær og Sóley Margrét.  
Þjálfari verður Auðunn og aðstoðarmenn Lára Bogey og Íris.

Samhliða HM í búnaði verður haldið HM fatlaðra í kraftlyftingum.  
Ísland á þar einn fulltrúa, Sigurjón Ægír. Honum mun fylgja einn þjálfari og Lára Bogey aðstoðar.

### 3. EM Í KLASSÍK

Evrópumótið í klassískum kraftlyftingum fer fram í Eistlandi 4.-9. desember.  
Fimm keppendur frá Íslandi : Kristín, Viktor, Lucie, Friðbjörn og Arna.  
Þórunn Brynja fer út sem alþjóðaradómari.  
Skipulag á þjálfurum og aðstoðarmönnum er á lokametrum.

### 4. BIKARMÓTIN

Bikarmótin í klassík og búnaði verða í Mosó sunnudaginn 23. október.  
Pallur og upphitun verður í litla salnum til hliðar við stóra en opnað fram í stóra salinn þar sem áhorfendur munu sitja.

### 5. MÓTASKRÁ

Mótaskráin hefur verið send á stjórn til skoðunar. Fundarmenn fóru yfir mótaskrá og smá breytingar voru gerðar. Lára Bogey mun setja mótaskrána á netið.  
Mótaskrá löguð. Verður birt með fyrirvara (áramót).

### 6. ÖNNUR MÁL

-

### 7. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

### 8. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.00

